



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	Fundur stjórnar KLÍ
Staðsetning:	Fjarfundur – Google Meet
Hvenær:	10. 12. 2025
Þátttakendur:	Valgerður Rún Benediktsdóttir - Formaður Jóhann Ágúst Jóhannsson – Varaformaður Guðmundur Sigurðsson – Meðstjórnandi Ársæll Rafn Erlingsson – Ritari Helga Hákonardóttir – Varamaður Katrín Fjóra Bragadóttir – Varamaður Þórarinn Már – Framkvæmdastjóri KLÍ
Fundarritari:	Ársæll Rafn Erlingsson

Fundargerð síðasta fundar

- Samþykkt.

Keilarar ársins

- Stjórn sammála um að Arnar Davíð sé keilari ársins karlamegin.
- Stjórn velur Lindu Hrönn keilara ársins kvennamegin.

Landsliðsmál

- Frestað umræðum um landsliðsferðir næsta árs þangað til beðið er eftir pósti frá landsliðsnefnd.
- Skipulag landsliðsmála – Nýtt skipurit frá landsliðsnefnd kynnt og rætt.
- Umræður um landsliðþjálfaramál – Þriggja manna nefnd sett í það að gera ramma utan um hvað við ætlumst til af þjálfara. Áki (ef hann vill), Tóti og Katrín Fjóra sett í það.
- Þarf að ákveða sem fyrst hvaða fara sem þjálfarar á evrópumeistaramót ungmenna sem fer fram í mars. Tillaga að Guðmundur og Katrín Fjóra fari sem þjálfarar.
- Rætt um tillögu frá landsliðsnefnd varðandi Camp fyrir konur – öllum líst vel á hugmyndina en saltað í smá stund vegna óvissu með landsliðsmál.
- Uppfærsla á reglugerð um landsliðsnefnd rædd.
- Uppfærsla á afreksstefnu rædd.

RIG – staða undirbúnings og skráningar

- Staða undirbúnings og skráningar rædd.
- Hvað getum við gert til að ýta undir skráningar? Eru á leið út póstar á facebook og instagram.
- Guðmundur fer yfir handbækur sem hann sendi á stjórn í dag varðandi sjálfbóðaliða og auglýsingar.

Fjárheimild fyrir uppfærslu á streymisbúnaði

- Jói fer yfir lista yfir búnað sem gerir okkur kleift að streyma frá leikjum og mótum.
- Nefnd samþykkir að leita að tilboðum í búnað með möguleikann á kaupum á búnaði.
- Öll sammála um að þó að búnaðurinn verði keyptur þarf líka að vera til kunnáttu og áhugi á að nota hann.

Úrvalsdeildin

- Guðmundur hefur talað við ÍA-Tv sem getur ekki lofað sér í verkefnið en möguleiki væri á að fá lánaðan búnað. Hugmyndin að taka upp efni og gera þrjá nokkuð skemmtilega þætti.
- Guðmundur tekur að sér að vinna þetta áfram ásamt Ársæli.

Önnur mál

- Valgerður er að vinna í starfsáætlun stjórnar fyrir næsta ár. Kynnir hana á fundi 14. Janúar.

Fundi slitið kl. 19: 50